

43. fundur hverfisnefndar Síðuhverfis

Aðalfundur

Haldinn í Síðuskóla miðvikudaginn 11.nóv 2015 kl. 18:00

Dagskrá:

1. **Kynning framkvæmdardeildar Akureyrarbæjar**

Helgi Már Pálsson bæjartæknifræðingur mætti á fundinn og fór yfir erindi sem komið hafa frá nefndinni og foreldrafélagi Síðuskóla.

a) **Erindi varðandi gangbrautir**

Skilningur er á þeim ábendingum sem fram hafa komið en skoða þarf fjölda gangbrauta út frá þeim reglum/viðmiðum sem gilda um t.d. fjarlægðir milli gangbrauta. Erindið þarf að fara fyrir skipulagsnefnd sem tekur ákvörðun um framkvæmdir og í framhaldinu af því áfram til framkvæmdadeildar.

b) **Erindi varðandi lagfæringu á innkeyrslu að skólanum.**

Ljóst er að aðkeyrslan að skólanum er erfið. Farið var yfir tillögu að útfærslu á fundinum sem framkvæmdadeildin gerði skissu að. Sú útfærsla lendir að mestu inni á lóð skólans og framkvæmdir myndu því falla undir Fasteignir Akureyrarbæjar. Erindið þarf að fara fyrir skipulagsdeild og fá samþykki þaðan ásamt hönnun og útfærslu áður en framkvæmdin kemst inn á framkvæmdaráætlun.

c) **Erindi varðandi uppbyggingu á hjólabrettavelli og frisbee-golfvöll á skólalóðinni.**

Framkvæmdardeild er ekki með fjármagn í slík verkefni og vísar á Hverfisnefndina.

- Fulltrúi hverfisnefndarinnar bendir á að verið er að nota fjármagn afmælisjóðsins í útivistarsvæði við skólann, þ.e. uppbyggingu stíga, hól, útikennslustofu og útigrið. Verkefni sem staðið hefur yfir frá 2014 og mun fjármagn ársins 2015 og 2016 nær eingöngu fara í að klára það verkefni. Árið 2016 verður m.a. byggt grillhús yfir útigriðið. Nefndin sér því ekki fram á að hafa fjármagn í stór viðbótarverkefni. En nefna má sem dæmi að 9-körfu Folf (frisbee-golf) völlur kostar um 1.5 – 2 milljónir. Einnig þarf að huga að því að greiða þarf árlega leigu/rekstur af slíkum velli.

• **Önnur umræðuefni:**

- Gönguleið upp að trjárækt skólans fyrir ofan (vestan) bæinn: Framkvæmdadeildin mun kanna hvort hægt er að fá leyfi til að ganga í gegnum beitarhólfín.
- Lýsingar á göngustígum: Rætt um skort á lýsingu austan við öldrunarheimilið Lögmanshlíð og á göngustíg sem liggur frá Arnarsíðu norður á stíginn sem liggur frá Gleráarkirkju.
- Snjómokstur: Rætt um mokstur gönguleiða til að tryggja börnum örugga leið í skólann. Búið er að bjóða út þá þjónustu fyrir veturinn og hægt að sjá forgangsroðun á vef bæjarins undir Framkvæmdardeild og vetrarþjónusta
<http://www.akureyri.is/static/files/framkvæmdadeild/2013-des-snjomokstur-stigar.pdf>

- Nýtt hringtorg: Mikil ánægja er með nýja hringtorgið við Bugðusíðu og Borgarbraut. Eftir er að ganga frá við hringtorgið á horni Núpasíðu, Borgarbraut, Vestursíðu. Þar verða byggðir hljóðveggir á lóðunum næst hringtorginu sem stefnt er á að klára fyrir áramótin.

2. Aðalfundur hverfisnefndarinnar

Óskað var eftir framboðum í stjórn hverfisráðsins. Í samþykkt fyrir hverfisnefndir á Akureyri kemur fram að í hverfisnefnd sitji 5 fulltrúar og 2 til vara. Fulltrúar í hverfisnefnd eru kosnir til tveggja ára í senn.

Finnur Jóhannesson og Kristján Kristjánsson buðu sig ekki fram til áframhaldandi setu og þakkar nefndin þeim fyrir góð störf!

Eftirtaldir aðilar buðu sig fram í stjórn nefndarinnar:

Linda Rós Daðadóttir lindaros@vidburdastofa.is

Sigmundu Sigurðsson sigm.sig@gmail.com

María Helena Tryggvadóttir mariat@akureyri.is

Elín Dögg Gunnarsdóttir elin@dekkjahollin.is

Til vara:

Ágústa Ólafsdóttir agustao@akureyri.is

Jón Lárusson jonh@husa.is

Fundarritari: María H. Tryggvadóttir Fundi slitið 19:20